# Skíðafélög á Norðurlandi
# Æfingaferð til
# Val di Fiemme
# 08. – 18.janúar 2014

Frábært og gríðarlega vinsælt skíðasvæði þar sem hópar fá fína aðstöðu til æfinga.
VITA er í góðu samstarfi við þá sem stýra svæðinu og geta útvegað brekkur til æfinga.
Allar skíðabrekkur eru með búnaði til að framleiða snjó og eru þekktar fyrir hversu vel þær eru troðnar.

Sjá nánari upplýsingar um svæðið á:
http://www.visittrentino.it/en/vacanze_a_tema/neve/comprensori_sci/dettagli/dett/comprensorio-val-di-fiemme

**Flogið er milli Akureyrar og Verona með Boeing 757-200 flugvélum Icelandair**

Útflug: Morgunflug 8. janúar
Heimflug: Heimflug eftir hádegi 18.janúar
10 daga ferð og hægt að skíða í 9 daga.

| Verðlisti | | |
|---|---|---|
| Tvíbýli "standard" hálft fæði | 2 | 189.500 |
| Þríbýli "standard" Hálft fæði | 3 | 188.500 |
| Þríbýli "standard" Hálft fæði | 2+1 | 179.900 |
| Fjórbýli "standard" Hálft fæði | 2+2 | 159.900 |
| | | |
| Lyftukort - verð frá 2013 | Val di Fiemme - Obereggen | |
| Janúar 2013 (ekki komið fyrir 2014 | 9 dagar | |
| Fullorðnir | 42.000 | |
| Fullorðnir fæddir fyrir 01.12.1948 | 32.700 | |
| Fædd eftir 01.12.1997 | 29.400 | |
| Fædd eftir 01.12.2004 | frítt | |

**Innifalið í verði:**
Beint flug frá Akureyri til Verona og aftur til Akureyrar. Akstur milli flugvallar og hótels á Ítalíu og gisting með *hálfu fæði í 10 nætur. Frítt fyrir 3 skíðaþjálfara (flug og gisting).
*Hálft fæði er morgunmatur og kvöldmatur.

## Hótelið:



**Sporthotel Pampeago:**
Gott 3ja stjörnu hótel á skíðasvæðinu – 20-30 metra frá kláfnum. Hægt að skíða til og frá hóteli.

Sporthotel Pampeago er gott 3ja stjörnu skíðahótel í 1.750 metra hæð, vel staðsett í 30 - 40 m. göngufæri frá skíðalyftunum. Hótelið er staðsett á skíðasvæðinu, fjarri bæjarlífi og sækir fólk því alla þjónustu á hótelið. Við hótelið er sportvöruverslun.

Á hótelinu er gestamóttaka með stórri setustofu, veitingasalur og skemmtistaður, þar sem reglulega er boðið upp á lifandi tónlist. Á neðri hæðinni er sjónvarpssalur með stórum skjá, borðtennis og billiard. Þar er líka líka upphituð innisundlaug, tækjasalur, sauna og tyrkneskt gufubað. Einnig er hægt er að panta nudd.

Á hótelinu eru 93 herbergi sem taka tvo til fjóra gesti. Fjögurra manna herbergin eru fyrir tvo fullorðna og tvö börn. Í þeim eru hjónarúm og kojur fyrir börni og sængur í rúmum. Herbergin eru með sjónvarpi, síma, hárþurrku, öryggishólfi og baðherbergi með sturtu eða baði. Skápar og baðherbergi eru fremur lítil. Hægt er að tengjst þráðlausu neti hótelsins gegn gjaldi.
Hótelið er mjög barnvænt en þarna er leikherbergi fyrir börn og boðið er upp á barnagæslu á daginn. Skíðageymsla er í boði fyrir gesti. Skáparnir eru ekki læstir en hægt er að fá lás gegn gjaldi (5 evrur).

Einfalt hótel og án alls íburðar, en hefur líkað vel þau tvö ár sem Vita hefur boði gistingu þar. Hótelið er með hálfu fæði.

*Tilboðið miðast við flugverð, gengi og verð á eldsneyti 16.apríl 2013*

VITA,
Suðurlandsbraut 2